

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin "eða varðhaldi" í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum "þó má" í 2. málsl. í flokki B kemur: lögreglustjóri.
- b. Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 3. málsl. í flokki B kemur: lögreglustjóra.
- c. 4. málsl. í flokki C fellur brott.
- d. Seinni málsl. í flokki D orðast svo: Lögreglustjóri skal óska eftir umsögn ríkislögreglustjóra um slíkar umsóknir.

3. gr.

Orðin "að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra," í 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "ríkislögreglustjóra" og "ríkislögreglustjóri" í 1. mgr. og fyrri málsl. 5. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.
- b. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

6. gr.

Í stað orðsins "Ríkislögreglustjóra" í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar kemur: Lögreglustjóra.

7. gr.

Síðari málsl. 22. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í fyrri málsl. 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
- b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Lögreglustjóri aflar umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila er með brunamál fara og annarra yfirvalda telji hann þess þörf.
- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. Í stað orðsins "Ríkislögreglustjóri" í fyrri málsl. 3. mgr. kemur: Lögreglustjóri.

10. gr.

Í stað orðanna "ríkislögreglustjóra" og "ríkislögreglustjóranum" í 1. og 3. málsl. 3. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "ríkislögreglustjóra" og "ríkislögreglustjórans" í fyrri málsl. 1. mgr., 3. mgr. og seinni málsl. 4. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Í stað orðsins "lögreglustjóra" í 1. málsl. 2. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
- c. 5. málsl. 2. mgr. og síðari málsl. 5. mgr. falla brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 1. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Í stað orðsins "lögreglustjóri" í 1. mgr. kemur: lögreglustjórinn.
- c. Í stað orðanna "lögreglustjóra" og "Lögreglustjóri" í 1. og 4. málsl. 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
- d. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

13. gr.

Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 1. og 2. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

14. gr.

Í stað orðanna "Ríkislögreglustjóri" í 1. og 3. málsl. 4. mgr. og "ríkislögreglustjóra" í síðari málsl. 5. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

15. gr.

Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 1. mgr. og í síðari málsl. 4. mgr. 47. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

16. gr.

Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 1. og 4. mgr. 48. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

17. gr.

Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 1. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
- b. Fyrri málsl. 3. mgr. orðast svo: Lögreglustjóri leggur mat á umsækjanda og húsnæði hans m.t.t. öryggis gagnvart innbrotum.

19. gr.

Í stað orðsins "ríkislögreglustjóra" í fyrri málsl. 1. mgr., síðari málsl. 2. mgr. og 4. mgr. 52. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

20. gr.

Í stað orðsins "Ríkislögreglustjóra" í 3. mgr. 53. gr. reglugerðarinnar kemur: Lögreglustjóra.

21. gr.

Orðið " , varðhaldi" í 59. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2007.

Björn Bjarnason.

Gunnar Narfi Gunnarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.